

M-21/2007 Álit 29. ágúst 2007

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. ágúst 2007 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-21/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreiðinni K, sem hann keypti 21. júní 2006 af Y. Álitsbeiðandi telur bifreiðina hafa verið gallaða og vill fá bætur fyrir gallann úr hendi seljanda með því að hann greiði viðgerðarreikning að fjárhæð kr. 477.848.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 18. júlí sl. Frestur til að skila þeim var gefinn til 30. júlí. Andsvör seljanda bárust nefndinni 27. júlí með bréfi, dags. 26. júlí sl. Álitsbeiðanda voru send andsvörin til upplýsingar með bréfi, dags. 30. júlí sl. og gerði hann athugasemdir við andsvörin í bréfi, dags. 7. ágúst sl., sem nefndin móttók sama dag. Aðilum var tilkynnt með bréfi, dags. 24. ágúst sl., að nefndin hefði tekið málið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir kaupverð bifreiðarinnar hafa verið kr. 1.750.000, en samkvæmt kaupsamningi og afsali dags. 21. júní 2006 var kaupverðið kr. 1.700.000. Í kaupsamningi og afsali kemur fram að módel- og framleiðsluár bifreiðarinnar sé árið 2000. Akstursnotkun samkvæmt mæli var 77.000 kílómetrar.

Álitsbeiðandi kveðst daginn eftir kaupin hafa þurft að bæta vatni á kælikerfið og einum til tveimur dögum síðar hafi hann enn þurft að bæta á kælikerfið og þá tveimur lítrum. Um þetta kveðst álitsbeiðandi hafa rætt við seljanda og hafi orðið úr að hann leitaði til bílaverkstæðisins Z. Þar hafi hann fengið þær upplýsingar að kælikerfið hlyti að leka. Samkvæmt reikningi frá Z, dags. 14. júlí 2006, hafði bifreiðinni verið ekið 80.781 kílómetra á þeim tíma. Á reikningi þessum kemur fram að A sé eigandi bifreiðarinnar.

Til þess að fá nánari skoðun á lekanum og úrbætur kveðst álitsbeiðandi hafa leitað til fyrirtækisins B og þar fengið þær upplýsingar að „heddið“ væri sprungið. Gert hafi verið við bifreiðina á verkstæðinu og kostnaður við viðgerðina numið kr. 477.848. Álitsbeiðandi kveðst ýmsan annan kostnað hafa haft af bifreiðinni en ágreiningurinn snúist eingöngu um þennan viðgerðarkostnað. Álitsbeiðandi heldur því fram að við sölu bifreiðarinnar hafi hún verið haldin verulegum leyndum galla sem ekki hafi verið hægt að sjá við almenna skoðun, en viðgerðarkostnaðurinn hafi numið um 25% af kaupverðinu.

Álitsbeiðninni fylgdi greinargerð H verkstjóra hjá B vegna viðgerðar á bifreiðinni. Hún er svohljóðandi:

„Þann 09.08.2006 er kælikerfi þrýstimælt og gerð lekamæling (heddpakkingarpróf) vegna vatnshvarfs. Óróleiki greindist í kælikerfi við fullan vatnshita. Eigandi talar um lágan olúþrýsting. Þann 23.08.2006 er heddið tekið af

og greindist sprunga í því ásamt að vatn var í olíunni. Skipt um hedd. Olíuþrýstingur mældur og mælist of lágur 0,5 bar í hægagangi og 1,5 bar á 1600 RPM við fullan vinnuhita, olíuþrýstimælir í mælaborði sýndi 0 bar í hægagangi og var seinn upp á 1600 RPM. Við nánari skoðun, vél tekin úr, var greinilegt að búið var að skipta um höfuð og stangarlegur. 1, viðgerðaryfirstærð, olúbil mælt og mældist í lagi á höfuð- og stangarlegum. Vél tekin úr og í sundur til að meta ástand á kambáslegum. Kom í ljós að þær voru mjög slitnar. Skipt um kambáslegur og vél sett saman og í. Olíuþrýstingur mældur og er í lagi. Sjá meðfylgjandi gögn.“

Framangreindur reikningur er dags. 4. október 2006 og er þar skráð að bifreiðinni hafi verið ekið 82.898 kílómetra. Verður að gera ráð fyrir því að miðað við sé stöðu mælis þegar viðgerðin fór fram en samkvæmt reikningnum voru verklok áætluð 23. ágúst 2006.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum seljandans, Y, segir að bifreiðin hafi ekki bilað meðan hún var í hans eigu og hafi hún verið þjónustuð af viðurkenndum aðilum frá því að hún var ný eins og sjá megi af þjónustuhandbók. Fullyrðir Y að bifreiðin hafi verið í fullkomnu ástandi þegar salan fór fram. Álitsbeiðandi hafi haft samband við sig 10. júlí, eða 20 dögum eftir að bifreiðin hafi komist í hans umsjá, en X haldi því fram að galli hafi komið í ljós daginn eftir kaupin. Undarlegt sé að hann hafi ekki gert athugasemd fyrr, hafi þurft að bæta á kælikerfið allt frá þeim tíma. Y kveðst hafa svarað öllum ábendingum og tilmælum X. Þar sem bifreiðin hafi verið í fullkomnu lagi við söluna telur Y sér ekki skylt að bæta X tjón á bifreiðinni sem hafi augljóslega orðið löngu eftir kaupin.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda segir að bifreiðin hafi samkvæmt viðhaldsbók síðast verið skoðuð 2. júní 2005 og þá hafi verið búið að aka henni 60.275 kílómetra. Næst hafi átt að skoða bifreiðina þegar búið var að aka henni 72.000 kílómetra. Þá skoðun hafi ekki verið búið að framkvæma þegar kaupin voru gerð 21. júní 2006 en akstur bifreiðarinnar hafi þá verið 77.000 kílómetrar. Í athugasemdunum segir álitsbeiðandi að strax eftir kaupin hafi þurft að bæta vatni á kælikerfið sem hann hafi þá ekki talið merkja að um bilun væri að ræða. Bifreiðinni hafi ekki verið ekið mikið fyrstu dagana eftir kaupin en eftir 250-300 kílómetra akstur hafi þurft að bæta vatni aftur á kælikerfið.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum

um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 1. gr. laganna.

Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi hafi kvartað undan meintum galla á bifreiðinni í tæka tíð, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000.

Álitsbeiðandi hefur gert þá kröfu að seljandi greiði sér kr. 477.848 í bætur fyrir þann galla sem hann telur hafa verið á bifreiðinni en það er fjárhæð reiknings B fyrir viðgerð á henni í ágúst 2006.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfróðs aðila á álitaefnum málsins samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Af lýsingu H verkstjóra hjá B á viðgerð bifreiðarinnar, og af reikningnum fyrir viðgerðinni, má sjá að um er að ræða tvenns konar viðgerð. Annars vegar er skipt um sprungið „hedd“ og hins vegar er framkvæmd viðgerð á vél bifreiðarinnar í því skyni að koma olíuþrýstingi í það horf sem hann á að vera við eðlilegar aðstæður. Milli þessara bilana eru ekki tengsl, þannig að önnur bilunin hefur ekki leitt af hinni. Viðgerð á hvorri biluninni um sig er því í þeim skilningi sjálfstætt verk eins og reyndar má sjá af hvorttveggja, lýsingu verkstjórans og viðgerðarreikningnum.

Þegar álitsbeiðandi keypti bifreiðina hafði henni verið ekið 77.000 kílómetra og af afsali verður ráðið að hún hafi verið 6 ára gömul, en framleiðsluár er sagt vera árið 2000. Fyrsti skráningardagur bifreiðarinnar er sagður vera 21. júní 2006, sem hlýtur að vera misritun, en þann dag var afsal fyrir bifreiðinni undirritað. Ljóst er að um töluvert notaða bifreið að ræða.

Í afsali fyrir bifreiðinni segir eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda. Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins.“

Í 19. gr. lausafjárlaga nr. 50/2000 er kveðið á um sölu á hlut þegar hann er seldur „í því ástandi sem hann er“. Samkvæmt c-lið 2. mgr., sbr. upphaf 1. mgr., er hlutur gallaður ef ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í 20. gr. sömu laga segir í 2. mgr. að hafi kaupandi rannsakað hlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn geti kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli.

Kærunefndin álitur að upplýst sé að leki í kælikerfi bifreiðarinnar hafi stafað af því að sprunga hafi verið í „heddi“ vélarinnar. Þau gögn sem nefndin hefur undir höndum leiða mjög sterkar líkur að því að þessi sprunga hafi verið til staðar fyrir eigendaskiptin og þykir nefndinni ekki ástæða til þess að draga í efa þá frásögn álitsbeiðanda að hann hafi þurft að bæta vatni á kælikerfið á svipaðan hátt og hann lýsir. Það styður og lýsingu hans að rúmum þremur vikum eftir kaupin leitar hann til verkstæðisins Z um að athuga leka á kælikerfinu og reyndar líka viku seinna. Enda þótt við þá rannsókn hafi ekki sést nein merki um leka þykir af því ekki hægt að draga þá ályktun að sprungan hafi þá ekki

verið til staðar. Þess ber að gæta að aðferðir við að kanna leka á kælikerfi geta verið mismunandi öruggar og leki getur verið á kælikerfi enda þótt hann komi ekki fram á vélinni utanverðri.

Kærunefndin álitur að hér hafi verið um að ræða galla á bifreiðinni þegar hún var seld sem ekki var hægt að gera ráð fyrir að uppgötvaðist við venjulega og eðlilega skoðun við bifreiðarkaup, enda þótt hún hefði verið framkvæmd af fagmanni sem kaupandi virðist þó ekki hafa kallað til sér til aðstoðar. Á þessum galla ber seljandi bifreiðarinnar ábyrgð en hann hefur ekki lagt fram nein gögn sem benda til þess að sprungan í „heddinu“ hafi ekki verið þar til staðar þegar kaupin fóru fram.

Samkvæmt 30. gr. laga nr. 50/2000 er eitt úrræða kaupanda, þegar um er að ræða galla sem hvorki er sök kaupanda eða stafar af aðstæðum sem hann varða, að krefjast skaðabóta úr hendi seljanda, en það hefur álitandi gert. Í lok álitans verður gerð grein fyrir því hverjar skaðabætur kærunefndin telur að seljanda beri að greiða kaupanda bifreiðarinnar.

Samkvæmt reikningi frá verkstæðinu Z, dags. 20. júlí 2006, er sagt að smurþrýstingur bifreiðarinnar í hægagangi sé of lágur og lýst aðgerðum til að lagfæra það. Jafnframt er því lýst að reynt hafi verið að finna leka á kælikerfi með þrýstiprófun en enginn leki hafi fundist. Við fyrri komuna með bifreiðina á verkstæði Z, þ.e. 14. júlí 2006, er ekki sérstaklega getið um að smurþrýstingur sé of lágur.

Gera verður ráð fyrir að það að smurþrýstingur var of lágur hafi sést af smurmæli bifreiðarinnar enda ekkert komið fram í gögnum málsins um að það hafi uppgötvast með öðrum hætti. Við viðgerð bifreiðarinnar hjá B kom í ljós af hverju þessi lág þrýstingur stafaði og var viðgerð framkvæmd í samræmi við það. Má telja ljóst að hér hafi verið um slit á ákveðnum vélarhlutum að ræða og þótt slitið kunni að vera töluvert miðað við aldur og akstur bifreiðarinnar telur kærunefndin að miðað við hvorttveggja sé ekki hægt að líta svo á að hér sé um að ræða galla í skilningi 19. gr. laga nr. 50/2000. Er þá hvorttveggja haft í huga að í 2. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að til þess að hlutur teljist gallaður verður ástand hans að vera mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla að hann væri miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti og eins það að við skoðun bifreiðarinnar hlaut kaupandi að koma auga á eða mátt koma auga á að smurþrýstingur var lægri en eðlilegt var. Hafi smurþrýstingurinn verið eðlilegur á þeim tíma sem kaupin fóru fram þá er ekki hægt að telja að ástæða þess að svo var ekki eftir að kaupin voru gerð sé á ábyrgð seljanda. Af framangreindum ástæðum telur kærunefndin ekki hægt að fallast á að álitandi eigi rétt á skaðabótum fyrir viðgerð sem gerð var í því skyni að koma olíuþrýstingi í vél bifreiðarinnar í lag.

Að því er varðar fjárhæð þeirra bóta sem kærunefndin telur að seljandi bifreiðarinnar eigi að greiða álitandi er miðað við samanlagða þá kostnaðarliði á reikningi B er stafa af viðgerðinni á leka kælikerfisins. Auk þess er tekið tillit til þess að við viðgerðina kom nýtt í stað gamals sem er kaupandanum í hag. Á þessum forsendum er álit kærunefndarinnar að seljandi, Y, eigi að greiða kaupanda, X, kr. 150.000.

Hinn 25. ágúst 2006 gerði kaupandi seljandanum viðvart um að hann áskildi sér rétt til þess að krefjast greiðslu á viðgerðar- og varahlutakostnaði vegna þess að „hedd“ bifreiðarinnar væri sprungið. Með tilliti til þess og ákvæða 71. gr. laga nr. 50/2000 álitur kærunefndin að seljandi eigi að greiða kaupanda dráttarvexti af framangreindri fjárhæð frá 25. september 2006 til greiðsludags.

VII
Álitsorð

Y greiði X kr. 150.000 með dráttarvöxtum frá 25. september 2006 til greiðsludags.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir